

Loðnuvinnslan hf.
Magnús Ásgrímsson
Skólavegi 59
750Fáskrúðsfjörður

Reykjavík, 22. nóvember 2021
UST202102-440/gf
08.10.02

**Varðar reglubundið eftirlit 2021 – fiskimjölsverksmiðja Loðnuvinnslunnar hf.
Fáskrúðsfirði**

Þann 21.10.2021 fór fram eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Loðnuvinnslunnar hf. á Fáskrúðsfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðila var bent á að skila TVN gildum hráefnis og hitastigi hráefnisins í samræmi við gr. 3.2 í starfsleyfi. Rekstraraðila var bent á kröfur um örugga geymslu og meðhöndlun efnavara og að efni berist ekki í niðurföll. Hafa þarf öryggisblað fyrir formalín tiltækt í efnageymslu.

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi kom fram í eftirliti. Öryggisblað fyrir formalín var ekki aðgengilegt í efnageymslu.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 10.12.2021.

Virðingarfyllst,

Gottskálk Friðgeirsson

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur